

**Aðalfundur Gígjunnar, landssambands íslenskra kvennakóra,
haldinn í Söngskólanum Domus Vox, Laugavegi 116 Reykjavík,
laugardaginn 20. október 2018 kl 13:00**

Stjórnarkonur og varamenn Gígjunnar

Mættar:

Kolbrún Halldórsdóttir formaður
Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður
Astrid Sörensen gjaldkeri
Una Þórey Sigurðardóttir ritari

Fjarverandi:

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir meðstjórnandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Heklurnar: Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir.
Kvennakór Akureyrar: Una Þórey Sigurðardóttir.
Kvennakór Reykjavíkur: Astrid Sörensen, Kolbrún Halldórsdóttir, Rósa Kristín Benediktsdóttir.
Kvennakórinn Ymur: Anna Helga Guðmundsdóttir, Jónína Björg Magnúsdóttir
Senjorítukórinn: Sigríður Snorraddóttir, Silja Aðalsteinsdóttir.

Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Umræða um skýrslu og reikninga
4. Tillögur og lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning stjórnar og varamanna
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Kolbrún Halldórsdóttir formaður setur fundinn og leggur til að Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir verði fundarstjóri og Una Þórey Sigurðardóttir verði fundarritari. Tillagan er samþykkt samhljóða og Hólmfríður Anna tekur við fundarstjórn.

1. Skýrsla stjórnar.

Kolbrún Halldórsdóttir formaður Gíggjunnar flytur skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar 2017-2018.***Kæru fundarkonur,***

Aðalfundur Gíggjunnar var haldinn 21. október 2017. Var hann heldur fámennur en einungis 12 konur sátu fundinn.

Ný stjórn var kosin á fundinum, Bryndís Bjarnason formaður úr Kvinnakór Hornafjarðar, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri úr Hekklunum og Petra Jónsdóttir meðstjórnandi úr Kyrjunum gengu úr stjórn.

Kolbrún Halldórsdóttir úr Kvinnakór Reykjavíkur tók við formennsku af Bryndísi. Nýjar inn í aðalstjórn komu Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir úr Hekklunum og Valgerður Hanna Úlfarsdóttir úr Kvinnakór Hornafjarðar. Úr varastjórn kom Astrid Sörensen úr Kvinnakór Reykjavíkur inn í aðalstjórn.

Nýjar inn í varastjórn komu Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir úr Kvinnakór Suðurnesja og Rósa Kristín Benediktsdóttir úr Kvinnakór Reykjavíkur.

Stjórnarskiptafundur var haldinn í beinu framhaldi af aðalfundi og skipaði ný stjórn með sér verkum þannig:

Kolbrún Halldórsdóttir formaður,

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður,

Una Þórey Sigurðardóttir ritari,

Astrid Sörensen gjaldkeri,

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir meðstjórnandi.

Aðrir formlegir stjórnarfundir á starfsárinu voru þrír talsins en einnig var hópsþjall á facebook notað mikið til óformlegri samskipta.

Samningar við Fjölís

Fjölís og Gígjan, ásamt forsvarsmönnum Landssambands blandaðra kóra hafa undanfarin þrjú ár unnið að endurnýjun samninga um afritun höfundaréttarvarins efnis.

Samkvæmt heimasíðu fjolis.is þá er „Fjölís (er)hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð.“

Eldri samningar voru orðnir tæknilega úreltir og tóku ekki til stafrænnar afritunar eða rafrænnar dreifingar. Einnig sýndu niðurstöður könnunar sem tók til kvenna- og blandaðra kóra að hver kór afritar að meðaltali 57 síður fyrir meðlimi sína árlega en í eldri samningi var gert ráð fyrir 30 síðum. Því lá fyrir að hækka þyrfti gjaldið úr 1.660 kr í 3.160 kr á hvern kórmeðlim til að taka mið af þessari mælingu og því nauðsynlegt

að gera nýjan samning við fjölís til að koma í veg fyrir tvöföldun á þessu gjaldi fyrir hvern kór.

Snemma árs 2018 voru svo lagðar fram tillögur að nýjum samningum við félagið og fóru stjórnarkonur á fund Helgu Sigrúnar Harðardóttur framkvæmdastjóra Fjölís þar sem tilboð og tillögur að nýjum samningum voru kynntar. Stjórn hefur kynnt sér málið vel og mun leggja tillögurnar fram fyrir aðalfund undir öðrum málum hér á eftir.

Ný vefsíða

Sl. haust var haft samband við undirritaða frá Premis sem er fyrirtækið sem hýsir vefsíðuna okkar Gígjan.is. Þar var okkur tilkynnt að til stæði að leggja niður kerfið sem var notað til að uppfæra síðuna, þar sem það væri komið verulega til ára sinna og stuðningur við það væri ekki lengur í boði. Það voru því þrír kostir í stöðunni, leggja vefinn niður og loka gígjan.is, halda áfram að hafa hana í gömlu og úreltu kerfi og vona að ekkert myndi bila eða hrinja eða að uppfæra vefinn yfir og færa hann í nýtt og betra vefumsjónarkerfi þar sem nútímakröfum í vefhönnun væri mætt og hægt væri að uppfæra gígjan.is á mjög einfaldan máta án þess að þurfa sérkunnáttu til.

Stjórn ákvað – í tilefni að 15 ára afmæli Gíggunnar sem er í ár – að velja síðasta kostinn og fara í allsherjar uppfærslu á vefnum. Eftir fundi með hönnuði og uppfærslur, fór nýr vefur í loftið í sumar. Enn á eftir að leysa úr nokkrum hnökrum en það er auðvelt að setja inn efni á vefinn, hann virkar vel í öllum snjalltækjum og er mjög fallegur þó ég segi sjálf frá og verður vonandi til þess að kórar sambandsins verði duglegri að senda inn efni til birtingar.

Kvennakór Suðurnesja 50 ára.

Sá gleðilegi atburður varð þann 22. febrúar að Kvennakór Suðurnesja, elsti kvennakór landsins varð 50 ára og héldu þær stórglæsilega afmælistónleika af því tilefni og fór Hólmfríður varaformaður á tónleikana fyrir hönd stjórnar Gíggunnar.

Við í stjórn Gíggunnar ákváðum að vera ekki með neitt tilstand á tónleikunum en ákváðum þess í stað að koma kórfélögum kvennakórsins á óvart. Við fundum út hvenær þær hvoru með æfingu eftir tónleikana og létum senda þeim fallega afmælistertu á æfinguna með áletruninni Kvennakór Suðurnesja 50 ára – afmælistilgjafi frá Gíggunni. Kom þetta kórkonum skemmtilega á óvart og vorum við í stjórninni hæstánægðar með hversu vel til tókst

Að öðru leiti var fremur rólegt ár hjá Gíggunni, það var reyndar töluvert bras að skipta um gjaldkera, regluverkið er orðið ansi flókið og mikið hjá bönkunum en það hafðist á endanum en hafði þó þær afleiðingar að reikningar vegna árgjalda fyrir starfsárið 2017-2018 fóru seint út til aðildakórana og áttu þó nokkrir kórar eftir að greiða þau þann 1.sept þegar nýtt ár gekk í gildi á ársreikningi en langflestir eru búnir að greiða þau í dag.

Á fundum stjórnarinnar á þessu starfsári hefur okkur verið tíðrætt um hvernig hægt sé að gera Gígguna sýnilegri, ýmislegt hefur verið rætt og nokkrar hugmyndir kviknað

svo sem kynningarheimsóknir til kóranna, skipa tengilið við Gígjuna innan hvers kórs, búa til kynningarefni og fleira og bíður það stjórnar á næsta starfsári að taka áfram, skoða og vonandi framkvæma. Einnig hefur tilgangur Gígjunnar verið ræddur og hver sé ávinningur þess að vera aðili í sambandinu. Þessar vangaveltur tekur stjórn næsta starfsárs vonandi áfram og það er von mín að á komandi misserum verði farið í einhvers konar naflaskoðun eða stefnumótun með það að markmiði að efla samtökin þannig að þau verði aðildarkórunum öflugur og sýnilegur bakhjarl.

Fyrir hönd stjórnarkvenna vil ég svo þakka aðildarkórunum fyrir samstarfið og sjálf vil ég þakka stjórnarkonum í stjórn Gígjunnar fyrir skemmtilegt og gott samstarf, ég hlakka til að starfa með ykkur nær öllum áfram á komandi starfsári.

Reykjavík 20. október 2018,

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður.

2. Reikningar.

Astrid gjaldkeri kynnir og fer yfir reikninga Gígjunnar.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Kolbrún formaður útskýrði að mesti kostnaðurinn við nýju vefsíðuna hafi falist í því að flytja sögu Gígjunnar yfir á nýju vefsíðuna.

Rætt var um tónverkasjóð.

Astrid gjaldkeri kom með spurn um hvort til væru reglur um greiðslur í tónverkasjóð og Silja (Senjorítukórnum) spurði hvernig greitt væri í sjóðinn.

Kolbrún formaður svarar því að reglur um styrki úr sjóðnum séu á hreinu en ekki ljóst hvernig greiðslum í sjóðinn er háttað, hvort það er ákveðin prósent af félagsgjöldum aðildarkóra sem rennur í tónverkasjóð. Stjórn ætlar að skoða fyrri fundargerðir og athuga hvernig greiðslum í sjóðinn er háttað.

Skýrsla stjórnar er samþykkt og ársreikningar eru samþykktir án athugasemda.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur komu um breytingar á lögum Gígjunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Samþykkt að árgjald verði óbreytt.

6. Kosning formanns.

Formaður er kosinn til tveggja ára. Kolbrún fær fullan stuðning fundarkvenna til að hefja sitt annað ár sem formaður.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir, Kvennakór Hornafjarðar, hættir í stjórn.

Aðrar konur í stjórn og varastjórn gefa kost sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Dagbjört Lára Óttósdóttir, Léttuveit Reykjavíkur gefur kost á sér í stjórn í stað

Valgerðar Hönnu.

Ný stjórn er samþykkt með lófaklappi og Valgerði Hönnu er þökkuð stjórnarsetan.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og eru samþykktar einróma.

9. Önnur mál.

a. Landsmót íslenskra kvennakóra 2020.

Rósa Kristín Benediktsdóttir, formaður landsmótsnefndar, kynnti næsta landsmót sem haldið verður í Reykjavík vorið 2020. Kvennakór Reykjavíkur sér um framkvæmd mótsins.

Landsmótið verður haldið í Reykjavík dagana 7. til 10. maí 2020. Undirbúningur hófst strax í rútunni á leið heim eftir landsmótið á Ísafirði vorið 2017 og er vel á veg kominn. Það er að mörgu að hyggja þegar svo stór viðburður er undirbúinn og kórkonur í Kvennakór Reykjavíkur vinna að krafti að undirbúningi.

Á fésbókarsíðu mótsins, **Landsmót íslenskra kvennakóra 2020**, er að finna þær upplýsingar um mótið sem nú þegar liggja fyrir, svo sem drög að dagskrá og drög að tímlínu fram að landsmóti. Búið að opna fyrir óbundna forskráningu á netfangi mótsins, **landsmot2020@kvennakorinn.is**

b. Samningur Gíggunnar við Fjölís.

Það hefur verið ljóst í nokkur ár að samningur Fjölíss við kóra landsins um afritun nótna og söngtexta er orðinn úrelt. Ýmislegt í eldri samningum var orðið tæknilega úrelt svo sem stafræn afritum og rafræn dreifing. Könnun sem var gerð meðal blandaðra kóra og kvennakóra leiddi í ljós að fjölföldun nótna var heldur meiri en fyrri samningur gerði ráð fyrir og í framhaldinu hóf Fjölís vinnu við nýjan samning. Þess má geta að Margrét Bóasdóttir vann að gerð samningsins fyrir hönd blandaðra kóra og kvennakóra.

Í febrúar 2018 var haldinn fundur með fulltrúum frá Fjölís og Gíggunni þar sem Helga Sigrún Harðardóttir framkvæmdastóri Fjölís kynnti drög að nýjum samningi við aðildarkóra Gíggunnar. Hægt var að velja á milli þriggja leiða/samninga. Stjórn Gíggunnar lýst best á leið 1 og leggur þann samning fyrir aðalfund Gíggunnar til samþykkis. Tekið er fram að Gíggjan vill ekki leggja út fyrir gjöldum allra aðildarkóranna en er til í að senda rukkanir á aðildarkórana sem Fjölís sér síðan um að innheimta. Það er of mikil vinna fyrir gjaldkera Gíggunnar að ætla að standa í innheimtum fyrir Fjölís.

Stjórn Gíggunnar leggur því til að Gíggjan sendi aðildarkórum reikninga fyrir hönd Fjölís um leið og reikningar fyrir félagsgjöldum Gíggunnar verði sendir út en að Fjölís sjái um innheimtu sinna gjalda.

Samningurinn tekur gildi frá og með 1. september 2019.

Kolbrún formaður útskýrði samninginn ítarlega.

Nokkrar umræður spunnust um Fjölís og samninginn. Silja (Senjorítukórnum) spurði

fyrir hvað Fjölís stæði og í hvað gjöldin færu. Kolbrún útskýrði fyrir hvað Fjölís stæði. Einnig spurði Silja hvort möguleiki væri á að Senjorítu kórinn fengi afslátt á gjöldum til Fjölís sökum þess að allir meðlimir Senjorítukórsins væru fullorðnar konur á eftirlaunum. Kolbrún ætlar að kanna það í næstu viðræðum við Fjölís, það er þegar niðurstöður aðalfundar verða kynntar fyrir fulltrúum Fjölís. Samningur Gíggunnar við Fjölís, leið 1, er samþykktur samhljóða af fundarkonum.

c. Gígjan og aðildarkórarnir.

Kolbrún formaður ræddi um samband Gíggunnar og aðildarkóranna. Það hefur vantað mikið upp á að kórar nýti sér heimasíðu Gíggunnar til að segja fréttir af kórastarfinu og auglýsa viðburði. Það hefur aðeins verið reynt að kynna Gígguna betur meðal aðildarkóra en betur má ef duga skal.

Hólmfríður Anna (Kvennakórinn Heklurnar) kom með þá tillögu að hver aðildarkór tilnefndi eina konu sem yrði tengiliður við Gígguna og hefði það hlutverk að miðla upplýsingum. Jafnvel væri hægt að hafa sérstaka síðu/spjallvef þar sem tengiliðir gætu rætt saman. Engin niðurstaða fékkst en ákveðið að halda þessari umræðu áfram innan stjórnar.

d. Tímasetning aðalfundar Gíggunnar. Kolbrún tók upp umræðu frá fyrri aðalfundi þar sem rætt var um að breyta tímasetningu aðalfundar. Ástæða umræðunnar er stöðug fækkun fundargesta síðustu ár. Það er spurning hvort ástæða fækkunarinnar sé tímasetning aðalfundarins eða áhugaleysi aðildarkóra, jafnvel hvort tveggja. Aðalfund á að halda fyrir lok nóvember ár hvert. Ef til vill væri betra að halda fundinn fyrr að hausti, til dæmis um mánaðamót september/október. Einnig rætt um þann möguleika að halda aðalfund á virkum degi. Þessari umræðu verður haldið áfram innan stjórnar.

Fleira ekki rætt á fundinum. Fundi slitið kl 14:30.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir